


NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Carevo



VIÐVÖRUN

Lestu ávallt þessar notkunarleiðbeiningar og fylgiskjöl áður en þú notar vöruna til að koma í veg fyrir líkamstjón.



Það er skylda að lesa notkunarleiðbeiningarnar

Stefna um hönnun og höfundarréttur

® og ™ eru vörumerki í eigu Arjo-fyrirtækjahópsins. © Arjo 2019.

Þar eð stefna okkar er stöðugar umbætur áskiljum við okkur rétt til að breyta hönnun án fyrirvara. Efni þessarar útgáfu má ekki afrita, hvorki í heilu lagi né að hluta til, án samþykkis Arjo.

Inngangur	4
Ætluð notkun	5
Öryggisleiðbeiningar	6
Undirbúningur	7
Tegundir af Carevo-sturtuvagni	8
Leiðbeiningar fyrir Carevo sturtuvagn	9
Tilgreining íhluta	10
Lýsing/virkni vöru	12
Stjórnborð	12
Virkni hnappa	12
Hjólahemlar	12
Beinkeyrslulæsing	12
Neyðarstöðvunarhnappur	13
Aðgerðin öryggisstöðvun	13
Ergo-aðgangur	13
Sveigjusvæði	13
Þægindahandföng	14
Hliðarstöðir	14
Stillanlegur bakstuðningur	15
Dýna sett í/tekin af	15
Drentappi	16
Frárennsli/dren	16
Höfuðkoddur	17
Sturtuhandfangshaldari	17
Rafhlaða	17
Flytja frá rúmi	18
Flytja til rúms	21
Flutningur frá segllyftu	24
Flutningur yfir í segllyftu	26
Steypibaðaðu sjúklinginn	28
Notkun við heimahjúkrun	32
Leiðbeiningar um hreinsun og sæfingu	34
Rafhloðuleiðbeiningar	38
Umhirða og fyrirbyggjandi viðhald	39
Viðvörunarmerki og hljóð	42
Að leysa vandamál	43
Tæknilegar upplýsingar	44
Mál	46
Merkimiðar	48
Listi yfir staðla og vottorð	50
Rafsegulsviðssamhæfi	52
Íhlutir og fylgihlutir	54

Inngangur

Þakka þér fyrir að kaupa Arjo tæki.

Carevo™ sturtuvagninn er hluti af vörulínu gæðavara sem eru sérhannaðar fyrir sjúkrahús, hjúkrunarheimili og aðra heilsugæslu.

Hafðu vinsamlegast samband við okkur ef spurningar vakna um notkun eða viðhald Arjo búnaðar þíns.

Vinsamlegast lestu þessar leiðbeiningar um notkun vandlega!

Vinsamlegast lestu þessar *Notkunarleiðbeiningar (NLB)* í heild sinni fyrir notkun Carevo sturtuvagns. Upplýsingar í þessum *NLB* eru nauðsynlegar til að tryggja rétta notkun og viðhald tækisins. Þær hjálpa við að vernda vöruna þína og tryggja fullnægjandi frammistöðu búnaðarins. Upplýsingarnar í þessum *NLB* eru mikilvægar öryggi þínu og þær skal lesa og meðtaka til að koma í veg fyrir mögulegt líkamstjón.

Óheimilaðar breytingar á Arjo búnaði geta haft áhrif á öryggi búnaðarins. Arjo verður ekki gerður ábyrgur fyrir slysum, atvikum eða skorti á frammistöðu sem rekja má til óheimilaðra breytinga á vörum fyrirtækisins.

Tilkynna skal óvænt tilvik eða erfiðleika við notkun

Hafðu samband við næsta Arjo umboðsaðila, ef erfiðleikar koma upp við notkun eða tilvik eig a sér stað. Upplýsingar um tengiliðið eru á síðustu bls. í þessum *NLB*.

Alvarlegt tilvik

Ef alvarlegt atvik kemur upp í tengslum við þetta lækningatæki, sem hefur áhrif á notandann eða sjúklinginn, ætti notandi eða sjúklingur að tilkynna alvarlega atvikið til framleiðanda eða dreifingaraðila þess. Í Evrópusambandinu ætti notandi einnig að tilkynna alvarlega atvikið til lögbærra yfirvalda í því aðildarríki sem hann er staðsettur.

Þjónusta og aðstoð

Framkvæma þarf árlega þjónustuskoðun á Carevo sturtuvagninum af til þess hæfu starfsfólki til að tryggja öryggi og rétt verklag við notkun vörunnar. Sjá kafla *Umhirða og fyrirbyggjandi viðhald á aðsíðu 39*.

Ef þig vantar frekari upplýsingar, vinsamlegast hafðu samband við Arjo fyrir alhliða aðstoðar- og þjónustáætlun til að hámarka öryggi, áreiðanleika og virði vörunnar til lengri tíma.

Hafðu samband við næsta Arjo umboðsaðila vegna varahluta. Sjá upplýsingar um tengiliði á síðustu bls. í þessum *NLB*.

Viðbótarupplýsingar

Ef DVD-diskur fylgir þessum *NLB*, vinsamlegast athugaðu að diskurinn kemur ekki í stað upplýsinga í þessum *NLB*. *NLB* innihalda enn ítarlegri mikilvægar öryggisleiðbeiningar.

Skilgreiningar í þessum *NLB*:

VIÐVÖRUN

Merkir:

Öryggisviðvörðun. Misbrestur á því að skilja og hlýða þessari viðvörðun getur valdið þér eða öðrum líkamstjóni.

VARÚÐ

Merkir:

Misbrestur á því að fara eftir þessum leiðbeiningum getur valdið tjóni á öllum hlutum kerfisins.

ATH.

Merkir:

Þetta eru mikilvægar upplýsingar fyrir rétta notkun þessa kerfis eða búnaðar.

ÁBENDINGAR

Merkir:

Þetta eru upplýsingar sem munu auðvelda tiltekna verkþætti í verkflæðinu.



Merkir:

Nafn og heimilisfang framleiðandans.

Ætluð notkun

Þennan búnað skal nota samkvæmt ætlaðri notkun hans og í samræmi við öryggisleiðbeiningarnar.

Ef það er eitthvað sem þú ert ekki viss um, hafðu samband við Arjo umboðsaðilann þinn.

Þetta tæki er ætlað til hjálpar við umhirðu sjúklinga og hreinlæti, einkum við að klæða/afklæða og við böðun sjúklinga við umönnun, eins og í þjónustuíbúðum fyrir eldra fólk, á dvalarheimilum, þjónustuheimilum, hjúkrunarheimilum og á sjúkrahúsum.

Aðeins þjálfað og til þess hæft starfsfólk með nægilega þekkingu á umönnun, daglegu verklagi og ferlum, skal nota *Carevo* sturtuvagninn. Ennfremur skal fara eftir leiðbeiningum í Notkunarleiðbeiningum.

Sjúklinginn er hægt að færa í og úr *Carevo* sturtuvagninum með loftlyftu, standlyftu eða með hliðarfærslu í og úr rúmi með því að nota snúningshjálp.

Carevo sturtuvagninn skal einungis nota í þeim tilgangi sem tilgreindur er í þessum *Notkunarleiðbeiningum (NLB)*. Öll önnur notkun er bönnuð.

Mat á ástandi sjúklings

Við ráðleggjum starfsstöðvum að koma á fót reglulegu og kerfisbundnu mati. Umönnunarstarfsfólk ætti að meta hvern sjúkling m.t.t. eftirfarandi viðmiðana fyrir notkun:

- Þessi vara er aðallega ætluð sjúklingum sem eru lamaðir og algjörlega háðir. Til að vera í öruggri legu í *Carevo* sturtuvagninum verður sjúklingurinn að hafa takmarkaða líkamlega getu til að hreyfa sig eða geta skilið og brugðist við fyrirmælum um að halda slíkri legu. Ef sjúklingurinn fellur ekki undir þessa lýsingu, skal nota annan búnað/kerfi.
- Áður en sjúklingur er færður eða meðhöndlaður á annan hátt, skal meta sjúklinginn og umhverfið svo að mönnun sé í samræmi við það sem verkið útheimtir.
- Sjúklingur má ekki vera þyngri en 182 kg (400 lbs.)
- Varan er ætluð sjúklingum sem eru hærri en 120 cm (3 fet og 11 tommur)

Endingartími tækjabúnaðarins

Áætlaður endingartími þessa tækjabúnaðar er tíu (10) ár, en hann er háður endingu rafhlöðu, tíðni notkunar og hversu oft rafhlaðan er hlaðin. Þjónustutími rafhlöðunnar er 2-5 ár.

Endingartími og þjónustutími er gefinn upp með þeim fyrirvara að fyrirbyggjandi viðhald sé framkvæmt í samræmi við leiðbeiningar um umhirðu og viðhald í *Notkunarleiðbeiningum (NLB)*.

Eftir því hversu slit er mikið, getur þurft að skipta um suma íhluti eins og hjól og dýnu á meðan á endingartíma tækisins stendur samkvæmt upplýsingum í notkunarleiðbeiningum (NLB).

Öryggisleiðbeiningar

VIÐVÖRUN

Til að forðast líkamstjón, skal tryggja að sjúklingur sé aldrei eftirlitslaus.

VIÐVÖRUN

Til að forða sjúklingnum frá því að detta úr tækinu, gakktu úr skugga um að allar hliðarstöðir séu í læstri stöðu.

VIÐVÖRUN

Til að forða því að tækið velti og sjúklingurinn detti, ekki nota búnaðinn á gólfi með niðurföllum í vatnshalla, götum eða halla sem er meiri en 1:50 (1,15°).

VIÐVÖRUN

Til að forðast fall við flutning sjúklings skal alltaf tryggja að bremsurnar séu læstar á öllum tækjum sem eru í notkun.

VIÐVÖRUN

Til að forða því að tækið velti og sjúklingurinn detti, ekki sitja á hvorugum endanum á sturtuvagninum.

VIÐVÖRUN

Til að forðast sprengingu eða eldsvoða, aldrei nota tækjabúnaðinn í súrefnisríku umhverfi, nálægt hitagjafa eða eldfimum lofttegundum sem notaðar eru við svæfingu.

VARÚÐ

Til að forðast skemmdir á tækinu skal einungis lyfta öðrum endanum (höfuð- eða fótenda) á Carevo sturtuvagninum í einu. Aldrei skal lyfta höfuð- og fótendanum á sama tíma.

VARÚÐ

Til að forðast skemmdir á tækinu, skal aldrei nota hvassa hluti nálægt Carevo sturtuvagninum. Slíkt getur gert göt á dýnuna.

Undirbúningur

Aðgerðir fyrir fyrstu notkun

(11 Skref)

- 1 Athugaðu sjónrænt hvort *Carevo* sturtuvagninn hefur skemmst við flutning.
- 2 Umbúðirnar ætti að endurvinnna eftir staðbundnum reglum.
- 3 Athugaðu hvort allir hlutar vörunnar hafi skilað sér. Berðu saman við kafla *Tilgreining ihluta á aðsíðu 10*. Ef hlut vantar eða er skemmdur - ekki nota vöruna!
- 4 Lestu *NLB*.
- 5 Taktu upp hleðslutækið Til að fá leiðbeiningar um hleðslu og uppsetningu hleðslutækis sjá *NEA 8000 Battery Charger IFU*.
- 6 Hlaða skal rafhlöðuna í 24 klst.
- 7 Framkvæmdu virkniprófun á *Carevo* sturtuvagninum. Sjá kafla *Umhirða og fyrirbyggjandi viðhald á aðsíðu 39*.
- 8 Sæfðu vöruna. Sjá kafla *Umhirða og fyrirbyggjandi viðhald á aðsíðu 39*.
- 9 Taka skal frá þurrt svæði með góðri loftræstingu og fjarri sólarljósi til að geyma *Carevo* sturtuvagninn.
- 10 Veldu ákveðinn stað þar sem *NLB* skulu geymdar aðgengilegar öllum stundum.
- 11 Vertu viss um að hafa þjörgunaráætlun tilbúna fyrir neyðartilvik með sjúkling.

Aðgerðir fyrir hverja notkun

(5 skref)

- 1 Athugaðu hvort allir hlutarnir séu á sínum stað. Berðu saman við kafla *Tilgreining ihluta á aðsíðu 10*.
- 2 Gerðu ítarlega athugun á hugsanlegum skemmdum, þ.m.t. götum á dýnu.
- 3 Ef hlut vantar eða er skemmdur - EKKI nota vöruna!

4

VIÐVÖRUN

Til að fyrirbyggja krosssmít skal alltaf fylgja leiðbeiningum um sæfingu í þessum Notkunarleiðbeiningum.

- 5 Tryggja skal að rafhlaðan sé fullhlaðin. Sjá *NLB fyrir NEA 8000 hleðslutæki*.

ATH.

Ef spurningar vakna, vinsamlegast hafðu samband við næsta umboðsaðila Arjo um aðstoð og þjónustu. Sjá upplýsingar um tengiliði á síðustu bls. í þessum *NLB*.

Tegundir af Carevo-sturtuvagni

Carevo sturtuvagn án stillanlegs bakstuðnings (stöðluð útgáfa)

BAC1101-01 (Evrópa og Norður-Ameríka)

BAC1102-01 (Japan)

BAC1103-01 (Ástralía)

Lengd: 2000 mm (78 3/4" tommur)


Carevo sturtuvagn með stillanlegum bakstuðningi (stöðluð útgáfa)

BAC1111-01 (Evrópa og Norður-Ameríka)

BAC1112-01 (Japan)

BAC1113-01 (Ástralía)

Lengd: 2000 mm (78 3/4" tommur)




Leiðbeiningar fyrir Carevo sturtuvagn

Mynd 1

Komdu sjúklingi fyrir í *Carevo* sturtuvagninum með höfuðið við höfuðendann og fætuna við fótendann. Gakktu úr skugga um að mjaðmir sjúklingsins séu við miðju sveigjussvæðisins. (Sjá mynd 1)


ATH.

Carevo sturtuvagninn er hannaður þannig að hann hallar örlítið að niðurfallinu.



Mynd 2

Umönnunaraðilinn þarf að vera staðsettur við höfuðenda *Carevo* sturtuvagnsins við flutning. Ef neyðartilvik kemur upp, er umönnunaraðilinn nálægt neyðarstöðvunarhnappnum. (Sjá mynd 2)



Carevo sturtuvagn inniheldur eftirfarandi íhluti:





- 1 Dýna
- 2 Stjórnborð (eitt á hvorri hliðarstoð og á höfuðenda)
- 3 Höfuðkoddi
- 4 Opnunarhandföng
- 5 Hjólahemlaarmur (á öllum fjórum hjólunum)
- 6 Neðra frárennsli
- 7 Drentappi
- 8 Efra frárennsli
- 9 Neðra úttak
- 10 Vísigöt í dýnu (eitt á hvorri stoðplötu)
- 11 Stoðplötur
(ein fyrir höfuðendann og önnur fyrir fótendann)
- 12 Sturtuhandfangshaldari
- 13 Sveigjusvæði
- 14 Hægindahandföng
- 15 Stjórnborð við höfuðenda
- 16 Hliðarstoð (á sinni hvorri hliðinni á *Carevo* sturtuvagninum)
- 17 Stólpi
- 18 Hjólastöðvar
- 19 Halदारar fyrir frárennisslölöngur
- 20 Fótaplata
- 21 Dýnuvísar
- 22 Drentappi
- 23 Neyðarstöðvunarhnappur
- 24 Rafhlaða
- 25 Rafhlöðuhólf
- 26 Beinkeyrslulás (grænn lás á tveimur hjólum)



Öll varan


Hlutur til nota: Tegund BF

Vörn gegn rafstuði í samræmi við IEC 60601-1.



Lýsing/virkni vöru


Mynd 1




Mynd 2




Mynd 3




Mynd 4



Mynd 5



Mynd 6



Stjórnborð

Stjórnborðið er staðsett á hvorri hliðarstöð og á höfðagaflí. Það eru tvær tegundir af stjórnborðum eftir því hvaða tegund *Carevo* sturtuvagns er um að ræða. Gerðirnar eru:

- *Carevo* sturtuvagn án stillanlegs bakstuðnings (Sjá mynd 1)
- *Carevo* sturtuvagn án stillanlegs bakstuðnings (Sjá mynd 2)

Virgni hnappa



Útið til að lyfta *Carevo* sturtuvagninum.



Úttu til að lækka *Carevo* sturtuvagninn.



Úttu til að hækka stillanlega bakstuðninginn.



Úttu til að lækka stillanlega bakstuðninginn.

Hjólahemlar

Hjólahemlar eru á öllum fjórum hjólunum.

Nota bremsur:

Úttu niður gráa hjólahemlaarminum. (Sjá mynd 3)

Losaðu bremsurnar:

Sláðu upp gráa hjólahemlaarminum. (Sjá mynd 4)

Beinkeyrslulæsing


Þessi læsing er yfirleitt notuð þegar einn umönnunaraðili flytur *Carevo* sturtuvagn. Fyrir auðveldari stjórn á göngum og fyrir horn, notið beinkeyrslulæsinguna. Beinkeyrslulásarnir eru grænir og staðsettir ofan á tveimur hjólum, skáhallt á móti hvor öðrum.

Læstu beinkeyrslulásnum sem er lengst frá umönnunaraðilanum. Ekki læsa báðum beinkeyrslulásunum, þar sem slíkt torveldar stjórnun *Carevo* sturtuvagnsins.

Beinkeyrslulæsing: Úttu græna beinkeyrslulásnum niður. (Sjá mynd 5)

Að losa beinkeyrslulæsinguna: Sláðu upp græna beinkeyrslulásnum með léttu höggi. (Sjá mynd 6)

Mynd 1



Neyðarstöðvunarhnappur

Neyðarstöðvunarhnappurinn er ekki til þess að rjúfa virkni við venjulega notkun. Ef *Carevo* sturtuvagninn svarar ekki stjórnborðinu af einhverjum ástæðum skal ýta á neyðarstöðvunarhnappinn til að stöðva alla hreyfingu. (Sjá mynd 1) Hafið samband við hæft starfsfólk ef þetta gerist.

Ef að ýtt er á neyðarhnapp fyrir slysi, snúðu neyðarstöðvunarhnappnum réttisælis til að endursetja hann. Neyðarstöðvunarhnappurinn hrekkur út sjálfur.

Aðgerðin öryggisstöðvun

Ef íhlutur stöðvar *Carevo* sturtuvagninn meðan lækkað er, fer öryggisstöðvunin sjálfkrafa af stað. Hækkaðu *Carevo* sturtuvagninn og færðu hann frá íhlutum og haltu svo áfram að lækka tækið.

Ergo-aðgangur

Ergo-aðgangurinn er fyrir miðju hvorrar hliðarstoðar. (Sjá mynd 2)

Hann er hannaður fyrir umönnunaraðilann svo hann eigi betur með að:

- athafna sig í vinnuvistfræðilegri líkamsstöðu og
- eigi hægara með ná til sjúklingsins.

ÁBENDINGAR

Notaðu ergo-aðganginn til að komast betur að sjúklingnum. Mundu að færa þig í kringum *Carevo* sturtuvagninn til að forðast að vinda upp á þig eða að þú þurfir að halla þér fram þegar þú stendur í ergo-aðganginum.

Sveigjusvæði


Sveigjusvæðið er byggt sem fjöðrunarsvæði til að dreifa álagi á mjóbak, rófubein og mjaðmir. (Sjá mynd 3)

Fyrir hámarks þægindi, láttu afturenda sjúklingsins hvíla á miðju sveigjusvæðisins.


Dýnan er með teiknuðum útlínunum af mannsmynd á hvorri hlið. Komdu afturenda sjúklingsins fyrir innan útlínanna á dýnunni. (Sjá mynd 4)

Beygðu hné sjúklingsins til að sjá betur hvort afturendi sjúklingsins sé á réttum stað innan útlínanna. Láttu mjaðmir sjúklingsins vera í línu við teiknaðar útlínurnar. (Sjá mynd 5)


Mynd 2




Mynd 3




Mynd 4



Mynd 5



Mynd 1



Bægindahandföng

Það eru tvö þægindahandföng staðsett á *Carevo* sturtuvagninum, eitt á hvorri hliðarstöð. Sjúklingurinn getur notað hægindahandföngin sem stuðning þegar hann liggur á hliðinni. Að halda í hægindahandfangið getur aukið öryggistilfinningu sjúklingsins og tilfinninguna um að geta hjálpað til. (Sjá mynd 1)

Hliðarstöðir

Hliðarstöðirnar tvær eru til að veita sjúklingnum öryggi.

VIÐVÖRUN

Til að forða sjúklingnum frá því að detta úr tækinu, gakktu úr skugga um að allar hliðarstöðir séu í læstri stöðu.


Hliðarstöðin hefur þrjár stillingar

(Sjá mynd 2)


- A Innri staða,
- B Ytri staða
- C Niðurfelld staða

Mynd 2

Sjónarhorn höfuð/fótenda




Mynd 3



Felldu niður hliðarstöðina

Lyftu báðum opunarhandföngunum upp á hliðarstöðina og láttu hliðarstöðina falla að þér. (Sjá mynd 3)

Mynd 4



Rétu upp hliðarstöðina úr niðurfelldri stöðu

Togaðu upp hliðarstöðina. Eftir því hversu hratt er togað í hliðarstöðina, er hægt að læsa henni annaðhvort í ytri eða innri stöðu. Fyrir ytri stöðu, togaðu hægar. (Sjá mynd 4)


Skiptu á milli innri og ytri stöðu

Lyftu opunarhandföngunum og hækkaðu/lækkaðu hliðarstöðina í valda stöðu þar til hún læsist og smellur í.

ÁBENDINGAR

Áður en sjúklingi er snúið, stilltu hliðarstöðina í ytri stöðu til að hafa meira pláss.

Mynd 1



Stillanlegur bakstuðningur

Sumar tegundir *Carevo* sturtuvagna (*BAC1111-01*, *BAC1112-01* og *BAC1113-01*) eru búnar rafstýrðum, stillanlegum bakstuðningi. Notaðu stjórnborðin til að stilla bakstuðninginn. (Sjá mynd 1)




Ýttu til að hækkja stillanlega bakstuðninginn.



Ýttu til að lækkja stillanlega bakstuðninginn.

Mynd 2



VARÚÐ


Til að forða stillanlega bakstuðningi *Carevo* sturtuvagnsins frá ofhitnun við stöðuga notkun við að hækkja og lækkja skal tryggja að nota lækkun/hækkun að hámarki í tvær mínútur í senn. Bíddu svo í 6 mínútur áður en þú lækkar/hækkar bakstuðninginn aftur.

Dýna sett í/tekin af

Ísetning

Finndu staðinn fyrir úttakið og láttu dýnuvísana falla að vísigötum fyrir dýnuna, sem finna má á stoðplötunum. (Sjá mynd 2)


Mynd 3



Tekin af

- 1 Fjarlægðu frárennslistengið af dýnunni.
- 2 Togaðu dýnuna upp og frá stoðplötunum. (Sjá mynd 3)

Mynd 1



Drentappi

Komdu drentappanum fyrir í dýnudreninu fyrir grunna böðun. Fjarlægðu drentappan við notkun sturtu. (Sjá mynd 1)

Drentappinn tengist fótgaflinum með spotta. Leyfðu því að hanga lausu þegar það er ekki í notkun.

Frárennsli/dren

Efra frárennsli/dren *Carevo* sturtuvagnsins og neðra frárennslið eru staðsett undir fótgaflinum.

Fjarlægðu neðra frárennslið:

Taktu utan um og þrýstu saman hliðunum á neðra frárennslistenginu og togaðu það niður. (Sjá mynd 2)

Tengdu neðra frárennslið:

Ýttu neðra frárennslinu með frárennslistenginu upp í efra frárennslið þar til það smellur í. (Sjá mynd 3)

Staða frárennslisslöngu við flutning/geymslu:


Tengdu neðra úttakið við frárennslisslönguhaldarann sem er á fótgaflinum (Sjá mynd 4)

Staða frárennslisslöngu við steypiböðun:


Tengdu neðra úttakið við frárennslisslönguhaldarann á hjólastöðinni og komdu því fyrir yfir gólfristinni, (Sjá mynd 5) eða:

Fjarlægðu alveg neðra frárennslið og komdu efra frárennslinu fyrir yfir klósetti eða skolvaski. (Sjá mynd 6)


Mynd 2




Mynd 3




Mynd 4




Mynd 5



Mynd 6



Mynd 1




Höfuðkoddur

Höfuðkoddinn er þannig í laginu að hann passar í höfuðenda dýnnar. Komdu honum fyrir eins og myndin sýnir.

(Sjá mynd 1)

Höfuðkoddinn veitir sjúklingnum varma og þægindi.

Mynd 2




Sturtuhandfangshaldari

Sturtuhandfangshaldara er að finna á hvorri hliðarstöð. Festu sturtuhandfangið á sturtuhandfangshaldarann eftir þörfum.

(Sjá mynd 2)

- Festingin veitir umönnunaraðilanum betra færi á að ná í sturtuhandfangið meðan á steypiböðun stendur.
- Notaðu má festan sturtuhausinn til að úða vatni yfir sjúklinginn til að halda á honum hita.

Mynd 3




Rafhlaða

Rafhlaðan er staðsett undir höfðagaflinum. *Carevo* sturtuvagninn notar NEA0100-083 rafhlöðu. (Sjá mynd 3)

Kúpti hryggur rafhlöðunnar á að vísa upp þegar henni er komið fyrir í rafhlöðuhólfinu á *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 4)

Fjarlægðu rafhlöðuna með því að toga hana beint út.

Mynd 4




Viðvörðun um litla hleðslu

Suðhljóð heyrir þegar lítil hleðsla er eftir á rafhlöðunni. Rafhlaðan skal þá hlaðin við fyrsta tækifæri.


Fyrir leiðbeiningar um hleðslutæki og uppsetningu þess, sjá *NEA 8000 Hleðslutæki NLB*.

Flytja frá rúmi


Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Hliðarfærsla

(21 Skref)

(Fyrir hliðarfærslur notaðu ávallt snúningshjálp. Fyrir leiðbeiningar um notkun snúningshjálpar, sjá viðkomandi snúningshjálp *NLB*.)

- 1 Felldu niður hliðarstoð *Carevo* sturtuvagnsins á flutningshliðinni og lækkaðu stillanlega bakstuðninginn, ef um slíkt er að ræða.
- 2 Læstu bremsunum á rúminu.
- 3 Stilltu rúmið í vinnuvistfræðilega hæð.
- 4 Settu snúningshjálpinu (renningur/lak) undir sjúklinginn. (Notaðu staðbundna tækni) (Sjá mynd 1)
- 5 Settu kodda undir höfuð sjúklingsins.
- 6 Felldu niður rúmgrindina þeim megin sem flytja á frá.
- 7 Komdu *Carevo* sturtuvagninum fyrir við þá hlið rúmsins sem flytja á frá.
- 8 Felldu niður dýnu *Carevo* sturtuvagnsins á flutningshliðinni. Ýttu niður og festu horn dýnu *Carevo* sturtuvagnsins á milli höfða/fótagaflsins og stoðplötunnar. (Sjá mynd 2)
- 9 Stilltu hæð *Carevo* sturtuvagnsins svo hann liggi aðeins lægra en rúmið. (Sjá mynd 3)

ATH.

Ef það er bil á milli rúmsins og *Carevo* sturtuvagnsins, skal setja renniplötu á milli þeirra til að brúa bilið.


10 VIÐVÖRUN

Til að forðast því að tækið velti, skaltu ekki hækka eða lækka annan búnað nálægt því og gættu að kyrrstæðum hlutum þegar þú lækkar.

Ýttu *Carevo* sturtuvagninum að rúminu.

Haltu áfram með skrefin á næstu síðu.


Mynd 4




Mynd 5




Mynd 6



Mynd 7



Mynd 8



11

VIÐVÖRUN

Til að forðast fall við flutning sjúklings skal alltaf tryggja að bremsunar séu læstar á öllum tækjum sem eru í notkun.

Læstu öllum fjórum hjólahemlunum á *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 4)

12

VIÐVÖRUN

Til að forða því að tækið velti, skaltu ekki hækka eða lækka annan búnað nálægt því og gættu að kyrrstæðum hlutum þegar þú lækkar.

Flytja skal sjúklinginn með snúningshjálpinni (renningur/lak) úr rúminu yfir í *Carevo* sturtuvagninn. Gættu þess að fylgjast með höfði sjúklingsins við færsluna.

Dæmi um færslur með snúningshjálpu eru:

- Renningur (Sjá mynd. 5)
- Snúningslak (Sjá mynd 6)

ATH.

Fjöldi umönnunaraðila og staðsetning þeirra á meðan færslu stendur veltur á snúningshjálpinni sem notuð er og mati á sjúklingnum.

- 13 Ef dýnan hrekkur óvart úr stað, framkallast ójöfnur undir dýnunni. Það getur verið óþægilegt fyrir sjúklinginn að liggja á þeim. Gakktu úr skugga um að dýnan sé í réttri stöðu.

14

VIÐVÖRUN

Til að tryggja að sjúklingurinn geti ekki runnið út í gegnum hliðarstöðina, skal tryggja að hliðar dýnnar séu beinar upp en ekki beyglaðar undir sjúklingnum.

Fyrir aukin þægindi, komdu sjúklingnum rétt fyrir á sveigjussvæðinu. Gakktu úr skugga um að afturendi sjúklingsins sé innan teiknuðu útlínanna á dýnunni.

(Sjá mynd 7)

Mjaðmir sjúklingsins ættu að vera í línu við teiknuðu útlínurnar. Notaðu snúningshjálpu til að stilla af stöðu sjúklingsins. (Sjá mynd 8)

Haltu áfram með skrefin á næstu síðu.


Mynd 9



15 Skiptu rúmkoddanum út fyrir höfuðkodka *Carevo* sturtuvagnsins.

16 Fjarlægðu snúningshjálpinu undan líkama sjúklingsins. (Notaðu staðbundna tækni) (Sjá mynd 9)

Mynd 10



17 Losaðu hjólahemlana á *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 10)

18 VIÐVÖRUN


Til að lenda ekki í sjálfheldu, gættu þess að hafa hár sjúklingsins, hendur og fætur nálægt líkamanum og notaðu þartilgerð stuðningsgrip við hreyfingu.

VIÐVÖRUN


Til að forða sjúklingnum frá því að detta úr tækinu, gakktu úr skugga um að allar hliðarstöðir séu í læstri stöðu.

Færðu *Carevo* sturtuvagninum varlega frá rúminu, nægilega langt til að setja upp hliðarstöðina á *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 11)

Mynd 11



Mynd 12




19 Stilltu *Carevo* sturtuvagninn í vinnuvistfræðilega hæð. (Sjá mynd 12)

20 Hækkaðu stillanlega bakstuðninginn í *Carevo* sturtuvagninum, ef um slíkt er að ræða. (Sjá mynd 12)

21 Flyttu sjúklinginn á baðherbergið.

Flytja til rúms


Mynd 1




Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



Hliðarfærsla

(20 skref)

(Fyrir hliðarfærslur notaðu ávallt snúningshjálp. Fyrir leiðbeiningar um notkun snúningshjálpar, sjá viðkomandi snúningshjálp *NLB*.)

- 1 Læstu bremsunum á rúminu.
- 2 Stilltu rúmið í vinnuvistfræðilega hæð.
- 3 Felldu niður rúmgrindina þeim megin sem flytja á frá.
- 4 Læstu öllum fjórum hjólahemlunum á *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 1)
- 5 Lækkaðu stillanlega bakstuðninginn á *Carevo* sturtuvagninum, ef um slíkt er að ræða.
- 6 Settu snúningshjálpinu undir sjúklinginn. (Notaðu staðbundna tækni) (Sjá mynd 2)
- 7 Losaðu hjólahemlana á *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 3)
- 8 Komdu *Carevo* sturtuvagninum fyrir nálægt rúminu með nægilegt rými til að setja seinna niður hliðarstoðir *Carevo* sturtuvagnsins á flutningshliðinni.
- 9 Stilltu hæð *Carevo* sturtuvagnsins svo hann liggi aðeins lægra en rúmið.


VIÐVÖRUN

Til að lenda ekki í sjálfheldu, gættu þess að hafa hár sjúklingsins, hendur og fætur nálægt líkamanum og notaðu þartilgerð stuðningsgrip við hreyfingu.

Staðsettu *Carevo* sturtuvagninn nálægt rúminu og felldu niður hliðarstoð *Carevo* sturtuvagnsins á flutningshliðina. (Sjá mynd 4)

Haltu áfram með skrefin á næstu síðu.

Mynd 5




- 11 Staðsettu strax *Carevo* sturtuvagninn þannig að hlið hans nái inn á rúmið. (Sjá mynd 5)

12 **VIÐVÖRUN**

Til að forða því að tækið velti, skaltu ekki hækka eða lækka annan búnað nálægt því og gættu að kyrrstæðum hlutum þegar þú lækkar.

Lækkaðu *Carevo* sturtuvagninn á rúmið fyrir jafnan flutning. (Sjá mynd 5)

Mynd 6




13 **VIÐVÖRUN**

Til að forðast fall við flutning sjúklings skal alltaf tryggja að bremsunar séu læstar á öllum tækjum sem eru í notkun.

Læstu öllum fjórum hjólahemlunum á *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 6)

Mynd 7



- 14 Gættu þess að dýna *Carevo* sturtuvagnsins sé ofan á rúminu.

- 15 Flytja skal sjúklinginn með snúningshjálpinni (renningur/lak) úr rúminu yfir í *Carevo* sturtuvagninn. Gættu þess að fylgjast með höfði sjúklingsins við færsluna.


Dæmi um færslur með snúningshjálpu eru:

- Renningur (Sjá mynd 7)
- Snúningslak (Sjá mynd 8)

ATH.


Fjöldi umönnunaraðila og staðsetning þeirra á meðan færslu stendur veltur á snúningshjálpinni sem notuð er og mati á sjúklingnum.

Mynd 8



Haltu áfram með skrefin á næstu síðu.

Mynd 9



16 Gættu þess að skipta út höfuðkodka *Carevo* sturtuvagnsins fyrir rúmkoddann undir höfði sjúklingsins.


17 Fjarlægðu snúningshjálpinu undan sjúklingnum. (Notaðu staðbundna tækni) (**Sjá mynd 9**)

18 Losaðu hjólahemlana á *Carevo* sturtuvagninum. (**Sjá mynd 10**)


19 Færðu *Carevo* sturtuvagninn frá rúminu.

20 Sótthreinsaðu *Carevo* sturtuvagninn. Sjá kafla *Leiðbeiningar um hreinsun og sæfingu á aðsíðu 34*. (Sjá mynd 11)

Mynd 10




Mynd 11




Flutningur frá segllyftu

Mynd 1



Mynd 2



Fylgdu þessum 15 skrefum

(Fyrir leiðbeiningar um segl og lyftu, sjá viðkomandi segl og lyftu- *NLB*.)

- 1 Lækkaðu *Carevo* sturtuvagninn í lægstu stöðu.
- 2 Notaðu hjólahemlana á *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 1)
- 3 Gættu þess að báðar hliðarstoðir *Carevo* sturtuvagnsins séu uppréttar.
- 4 Hækkaðu stillanlega bakstuðning *Carevo* sturtuvagnsins, ef hægt er, í meira sitjandi stöðu fyrir aukin þægindi og auðveldari losun seglsins. (Sjá mynd 2)
- 5 Settu höfuðkoddann í *Carevo* sturtuvagninn. (Sjá mynd 2)

6 VIÐVÖRUN

Til að lenda ekki í sjálfheldu, gættu þess að hafa hár sjúklingsins, hendur og fætur nálægt líkamanum og notaðu þartilgerð stuðningsgrip við hreyfingu.

VIÐVÖRUN

Til að forða sjúklingnum frá því að detta úr tækinu, gakktu úr skugga um að allar hliðarstoðir séu í læstri stöðu.


Láttu sjúklinginn síga í seglinu á *Carevo* sturtuvagninn. Notaðu rýmið undir hjólastöðvum *Carevo* sturtuvagnsins til að staðsetja betur fætur lyftunnar. (Sjá mynd 2)

ATH.

Ef lyftuhæðin er ekki næg til að lyfta sjúklingnum yfir *Carevo* sturtuvagnsins, skal setja niður hliðarstoðina öðru megin. Vertu viss um að reisa hliðarstoðina aftur við eftir á.

Haltu áfram með skrefin á næstu síðu.

Mynd 3




7

VIÐVÖRUN

Til að tryggja að sjúklingurinn geti ekki runnið út í gegnum hliðarstoðina, skal tryggja að hliðar dýnnar séu beinar upp en ekki beyglaðar undir sjúklingnum.

Fyrir aukin þægindi, komdu sjúklingnum rétt fyrir á sveigjussvæðinu. Gakktu úr skugga um að afturendi sjúklingsins sé innan teiknuðu útlínanna á dýnunni. Mjaðmir sjúklingsins eiga að vera í línu við teiknuðu útlínurnar. (Sjá mynd 3)


Mynd 4



8 Losaðu seglið af stönginni. (Sjá mynd 4)

9 Færðu lyftuna frá Carevo sturtuvagninum.


Mynd 5



10 Stilltu Carevo sturtuvagninn í vinnuvistfræðilega hæð. (Sjá mynd 5)

11 Lækkaðu stillanlegan bakstuðning Carevo sturtuvagnsins, ef hægt er. (Sjá mynd 5)

Mynd 6



12 Fjarlægðu seglið undan sjúklingnum. (Notaðu staðbundna tækni) (Sjá mynd 6)


13 Losaðu hjólahemlana á Carevo sturtuvagninum.

14 Hækkaðu stillanlega bakstuðninginn í Carevo sturtuvagninum, ef um slíkt er að ræða.

15 Flyttu sjúklinginn á baðherbergið.

Flutningur yfir í segllyftu

Mynd 1




Fylgdu þessum 10 skrefum


(Fyrir leiðbeiningar um segl og lyftu, sjá viðkomandi segl og lyftu- *NLB*.)

- 1 Læstu öllum fjórum hjólahemlunum á *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 1)
- 2 Stilltu *Carevo* sturtuvagninn í vinnuvistfræðilega hæð. (Sjá mynd 2)
- 3 Lækkaðu stillanlegan bakstuðning *Carevo* sturtuvagnsins, ef hægt er. (Sjá mynd 2)

Mynd 2




Mynd 3



- 4 Komdu sjúklingnum fyrir í seglinu. (Notaðu staðbundna tækni). (Sjá mynd 3)
- 5 Lækkaðu *Carevo* sturtuvagninn í lægstu stöðu.
- 6 Hækkaðu stillanlegan bakstuðning *Carevo* sturtuvagnsins, ef hægt er, til að auka þægindi og auðvelda festingu segls.
- 7 Komdu lyftustönginni fyrir yfir *Carevo* sturtuvagninum.


Mynd 4



- 8 Festu seglið á stöngina. (Sjá mynd 4)

Haltu áfram með skrefin á næstu síðu.

Mynd 5



9

VIÐVÖRUN

Til að lenda ekki í sjálfheldu, gættu þess að hafa hár sjúklingsins, hendur og fætur nálægt líkamanum og notaðu þartilgerð stuðningsgrip við hreyfingu.

VIÐVÖRUN


Til að forða sjúklingnum frá því að detta úr tækinu, gakktu úr skugga um að allar hliðarstöðir séu í læstri stöðu.

Lyftu sjúklingnum úr *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 5)

ATH.

Ef lyftuhæðin er ekki næg til að komast yfir *Carevo* sturtuvagninn, settu þá niður hliðarstöðina öðru megin.


Mynd 6




- 10 Sótthreinsaðu *Carevo* sturtuvagninn. Sjá kafla *Leiðbeiningar um hreinsun og sæfingu á aðsíðu 34*. (Sjá mynd 6)

Steypibaðaðu sjúklinginn


Mynd 1




Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



Fylgdu þessum 13 skrefum

Fyrir leiðbeiningar um sturtustjórnborð, sjá viðkomandi *NLB*.

- 1 Komdu frárennsli *Carevo* sturtuvagnsins fyrir yfir klósetti/skolvaski eða gólfniðurfalli.

Salerni/Skolvaskur: Fjarlægðu neðra frárennsli *Carevo* sturtuvagnsins og komdu efra frárennslinu fyrir yfir salerninu/vaskinum. (Sjá mynd 1)

Gólfniðurfall: Settu neðra úttakið í frárennisslönguhaldara *Carevo* sturtuvagnsins á hjólastöðinni. Komdu *Carevo* sturtuvagninum þannig fyrir að neðra úttakið sé beint fyrir ofan gólfniðurfallið. (Sjá mynd 2)


- 2 Notaðu alla fjóra hjólahemlana á *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 3)

- 3 Stilltu *Carevo* sturtuvagninn í vinnuvistfræðilega hæð.

- 4 Háttaðu sjúklinginn. Notaðu stillanlega bakstuðninginn, ef hægt er, fyrir betri aðstoð.

- 5 Stilltu hitastig vatnsins.

6 VIÐVÖRUN




Til að fyrirbyggja húðbruna, athugaðu ávallt hitastig vatnsins með berri hendi áður en vatninu er beint að sjúklingnum.

Ekki nota hanska þar sem einangrunin getur valdið því að hitastig er misreiknað. Beindu vatnsbununni frá sjúklingnum.

Byrjaðu á því að taka um sturtuhausinn og beina honum frá sjúklingnum. Skrúfaðu þá frá vatninu. (Sjá mynd 4)

Haltu áfram með skrefin á næstu síðu.

Mynd 5




7 Steypibaðaðu sjúklinginn. (Sjá mynd 5)

ATH.

Notaðu ergo-aðganginn til að komast betur að sjúklingnum. Mundu að færa þig í kringum Carevo sturtuvagninn til að forðast að vinda upp á þig eða að þú þurfir að halla þér fram þegar þú stendur í ergo-aðganginum.


Mynd 6



ÁBENDINGAR


Notaðu sturtuhashaldarann á Carevo sturtuvagninum fyrir skilvirkara vinnuflæði. Notaðu hann til að úða vatni yfir sjúklinginn til að halda á honum hita meðan á steypiböðun stendur. (Sjá mynd 6)

Mynd 7



8 Komdu frárennslistenginu fyrir í dýnufrárennslinu fyrir grunna böðun. (Sjá mynd 7)


Mynd 8



9 Losaðu vatnið og þurrkaðu sjúklinginn og dýnuna. (Sjá mynd 8)


Haltu áfram með skrefin á næstu síðu.

Mynd 9




10 Breiddu yfir eða klæddu sjúklinginn til að halda á honum hita. (Sjá mynd 9)

Mynd 10




11 Settu neðra úttakið aftur í slönguhaldarann undir fótgaflinum eða festu neðra frárennslið við efra frárennslið. (Sjá mynd 10)

Mynd 11



12 Losaðu hjólahemlana á *Carevo* sturtuvagninum. (Sjá mynd 11)

Mynd 12



13 Flyttu sjúklinginn. (Sjá mynd 12)

Viljandi skilið eftir autt

Notkun við heimahjúkrun

Fyrir dreifingaraðila og leigjendur tækisins

Þegar flytja skal *Carevo* sturtuvagninn til viðskiptavinar með sendibíl:

- Gættu þess að tækið sé öruggt við flutning.
- Forðast skal að aka sturtuvagninum í drullugum jarðvegi, þegar verið er að flytja hann í og úr sendibílnum.

Þegar *Carevo* sturtuvagninn er afhentur, vertu viss um að:

- Þú lesir þessar *NLB* ásamt móttakanda tækisins (þ.m.t. ættingjar og umönnunaraðilar).
- Sýnir aðgerðir tækisins og ætlaða notkun eins og henni er lýst í *NLB* með tækinu sjálfu.
- Notandi þarf að skilja leiðbeiningar um hreinsun og sæfingu tækisins.
- Lesa skal allar viðvaranir fyrir móttakanda.
- Umhverfi tækisins þarf að uppfylla allar kröfur sem lýst er í þessum *NLB*.

Hreinsun og sæfing:

- Gættu þess að það ferli hreinsunar og sæfingar sem lýst er í þessum *NLB* sé alltaf framkvæmt áður en tækið er notað hjá nýjum notanda.
- Gættu þess að það ferli hreinsunar og sæfingar sem lýst er í þessum *NLB* sé alltaf framkvæmt yfir og eftir alla þjónustu sem veitt er.

Að nota sturtustólinn

Áður en við notum *Carevo* sturtuvagninn heimavið skal tryggja að: (Sjá mynd 1)

VIÐVÖRUN

Til að forða því að tækið velti og sjúklingurinn detti, ekki nota búnaðinn á gólfi með niðurföllum í vatnshalla, götum eða halla sem er meiri en 1:50 (1,15°).

- Allir umönnunaraðilar, þ.m.t. ættingar, skulu einnig hafa lesið og meðtekið leiðbeiningarnar í þessum *NLB*.
- Öll teppi og allar mottur í nánasta umhverfi þarf að fjarlægja.
